



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing FERÐ2BA05	

Búið til – útg.	8. apríl 2021 / 2. útg.
Námsgrein	Ferðamálafræði
Titill	Ferðalandafræði Íslands
Skammstöfun	FERÐ2BA05
Viðfangsefni	Ferðalandafræði Íslands
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	2
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Í áfanganum er lögð áhersla á helstu þætti sem einkenna ferðaþjónustu sem atvinnugrein hér á landi. Fjallað er almennt um aðráttarafl og áfangastaði í ferðaþjónustu, ferðamanninn og þarfir hans og þá með áherslu á erlenda ferðamenn á Íslandi. Einnig er fjallað um stjórnskipulag í ferðaþjónustu, fjölbreytileika starfa og hlutverk menningar fyrir atvinnugreinina. Sérstaklega er svo farið yfir áhrif ferðamennsku á umhverfi, á samfélög og á hagkerfi áfangastaða. Markmið áfangans er að opna augu nemandans fyrir því umhverfi sem starfsfólk í ferðaþjónustu starfar við og kynna helstu viðfangsefni þeirra auk þess að fjalla með fjölbreyttum hætti um framboð á ferðaþjónustu og ferðamannastöðum á Íslandi.</p>
Forkröfur áfanga	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Helstu hugtökum ferðaþjónustunnar. • Eðli aðráttarafla og áfangastaða í ferðaþjónustu. • Ferðamanninum, þörfum hans og væntingum og hvernig má mæta þeim. • Fjölbreyttum atvinnumöguleikum innan greinarinnar. • Íslandi sem áfangastað í ferðaþjónustu. Starfsemi ferðaþjónustunnar sem atvinnugrein og á stjórnsýslu greinarinnar. • Áhrifum ferðaþjónustu á íslenskt samfélag og á náttúru landsins.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beita algengustu hugtökum í ferðaþjónustu. • Tjá sig um ýmis málefni tengd atvinnugreininni.

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing FERÐ2BA05	

	<ul style="list-style-type: none"> • Mynda sér skoðanir á málefnum ferðapjónustunnar á gagnrýnan hátt. • Notaða handbækur, bæklinga, heimasíður og aðra miðla sem í boði eru til að afla upplýsinga um ferðapjónustu á Íslandi. • lesa úr landakortum, rafrænum kortum og nota ferða- og bókunarsíður fyrir ferðapjónustu
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eiga skýr og skilmerkileg samskipti byggð á skilningi við aðila innan ferðapjónustunnar. • Skipuleggja stutt ferðalög um Ísland með hjálp korta og ferðasíða. • Hagnýta sér fræðitexta og meta gæði heimilda og upplýsinga er varða atvinnugreinina. • Stunda áframhaldandi nám í ferðafræðum þar sem áfanginn veitir grunnþekkingu á eðli atvinnugreinarinnar.
Námsmat	Fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans. Lokaeinkunn byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á jafnri virkni og verkefnaskilum nemenda.